



Traustur bakhjarl

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) er framsækið stéttarfélag sem vinnur að kjaramálum félagsmanna og byggir starf sitt á gagnkvæmu trausti milli starfsmanna og fyrirtækja með árangur beggja að leiðarljósi.

Kjarasamningar

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) gerir heildarkjarasamning fyrir hönd félagsmanna. Samningurinn kveður á um lágmarkskjör félagsmanna og margvísleg réttindi þeirra og skyldur gagnvart launagreiðanda. Kjör félagsmanna SSF eru með þeim bestu á Íslandi. Félagar í SSF hafa forgangsrétt að störfum hjá öllum aðildarfyrirtækjum samningsins.

Laun

Laun eru greidd samkvæmt ráðningasamningi og/eða fastlaunasamningi. Um lágmarkslaun tiltekinna starfsheita er samið í kjarasamningi SSF.

Ráðningarsamningar

Full réttindi samkvæmt kjarasamningi fást við fastráðningu sem á að eiga sér stað innan sex mánaða frá upphafi starfs. Í kjarasamningi eru ýmis ákvæði um ráðningu starfsmanna og uppsagnarfrest. Lausráðnir starfsmenn hafa tveggja mánaða uppsagnarfrest en fastráðnir þrjá til sex. SSF veitir aðstoð og ráðgjöf við ráðningar- og starfslokasamninga.

Kannanir

SSF gerir reglulegar launakannanir og aðrar rannsóknir til að fylgjast með raunverulegum kjörum félagsmanna á vinnumarkaðnum og meta ánægju þeirra með starf sitt og starfsumhverfi. Niðurstöður þeirra má finna á www.ssf.is. Um 75-80% félagsmanna SSF svara launakönnun og því eru niðurstöður mjög marktækar og auðveldar félagsmönnum að meta eigin laun m.v. aðra.

Félagsgjöld

Félagar greiða einungis 0,7% af launum til SSF, upp að ákveðnu hámarki.



Orlof

Árlegt orlof er að lágmarki 24 dagar en að hámarki 30 dagar og fer eftir starfsaldri félagsmanna. Ef áunnið orlof er tekið utan hefðbundins orlofstíma sem er frá 15. maí-30. september lengist það um 25%, óháð því hver ákveður orlofstöku.

Fæðingarorlof

Allir fastráðnir félagsmenn SSF halda fullum launum í fæðingarorlofi (upp að viðmiðunarbaki Fæðingarorlofssjóðs) með 80% greiðslu frá Fæðingarorlofs-sjóði og móttframlagi atvinnurekanda. Félagsmenn halda öllum starfstengdum réttindum, orlofsframlagi, orlofsdögum og starfsaldri í fæðingarorlofi. Einnig fá fastráðnir félagar SSF fæðingarstyrk greiddan við fæðingu barns gegn framvísun fæðingarvottorðs.

Tryggingar

Allir fastráðnir félagsmenn SSF eru slysa- og líftryggðir allan sólarhringinn. Þessar tryggingar eru viðbót við lögboðnar skyldutryggingar atvinnurekanda. Tryggingarnar gilda alltaf hvar sem er í heiminum.

Félagsmenn geta fylgst með fréttum af starfi SSF á vefsíðu, Facebook- og Instagram síðum samtakanna, auk þess sem SSF blaðið er gefið út bæði prentað og rafrænt.

www.ssf.is

www.facebook.com/samtokstarfsmannafjarmalafyrirtaekja

www.instagram.com/samtokstarfsmannafjarmala



Veikindi

Fastráðnir starfsmenn sem veikjast halda óskertum launum í 4,5 mánuð hið minnsta en allt að 12 mánuðum þegar lengri starfsaldri er náð. Lausráðnir starfsmenn eiga rétt á óskertum launum í allt að 1,5 mánuð. Í kjarasamningi eru ákvæði sem varða skyldur atvinnurekanda til heilsuverndar á vinnustað o.fl.

Lífeyrisréttur

Lífeyrisréttindi eru umfram það sem önnur stéttarfélag á almennum vinnu-
markaði hafa samið um við sína atvinnurekendur, m.a. með aukaframlagi í séreignarsjóð eftir þriggja ára starf.

Trúnaðarmenn

Markvisst net trúnaðarmanna SSF nær til allra vinnustaða sem félagsmenn starfa á. Hlutverk trúnaðarmanna er að aðstoða félagsmenn við lausn álitamála og eru þeir mikilvægur tengiliður stéttarfélagsins við félagsmenn. SSF og trúnaðarmenn vinna í samstarfi við starfsmannafélag innan hvers fyrirtækis.

Aðildarfélag

Starfsmannafélag innan hvers fyrirtækis hafa flest hver umsjón með fjölbreyttu starfi í þágu félagsmanna, s.s. margskonar trúnaðarstörf, sjá um greiðslu íþróttastyrks og hafa umsjón með leigu orlofshúsa sem félagsmenn hafa aðgang að.

Vinnudeilusjóður

Markmið SSF er að ná hagstæðum samningum fyrir hönd félagsmanna og eiga gott samstarf við fyrirtækin sem félagsmenn starfa hjá. Það samstarf hefur gengið vel en þó er mikilvægt að SSF sé í stakk búið að mæta kostnaði ef til alvarlegra vinnudeilna kemur. SSF á sterkan vinnudeilusjóð og er aðili að samnorrænum vinnudeilusjóði í eigu stéttarféлага starfsmanna fjármálafyrirtækja á Norðurlöndum.

Sjóðir

SSF rekur tvo öfluga sjóði sem félagsmenn geta nýtt sér á margvíslegan hátt. Umsóknir eru sendar inn í gegnum **Mínar síður** á ssf.is og þar er einnig að finna úthlutunarreglur sjóðanna.

Menntunarsjóður SSF

Sjóðurinn styrkir nám samhliða starfi, hámark þrjár annir á ári. Styrkir eru veittir fyrir allt að 80% af námsgjöldum að því hámarki sem sjóðstjórn ákveður hverju sinni. Sjóðurinn styrkir allt einingametið nám hjá viðurkenndum menntastofnunum og aðra menntun sem nýtist félagsmönnum SSF á vinnu-markaði. Að auki greiðir sjóðurinn út tómsundastyrk upp að 30.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Kostnaður s.s. vegna námsbóka eða ferða er ekki greiddur. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda.

Mínar síður

Á mínum síðum SSF geta félagsmenn:

- Sótt um sjúkradagpeninga
- Sótt um styrki í Styrktarsjóð SSF og Menntunarsjóð SSF
- Bætt fylgiskjölum við umsóknir
- Séð stöðu umsókna
- Upplært persónuupplýsingar
- Skoðað áður afgreiddar umsóknir

Tú að fá aðgang að Mínun síðum SSF þarftu að vera með rafræn skilríki eða lstyki.

ÞVÍ BETRI GÖGN
MEÐ UMSÓKNUM
UM STYRKI ÞVÍ
FLJÓTARI ERUM
VIÐ AÐ AFGREIÐA!

Styrktarsjóður SSF

Sjóðurinn greiðir sjúkradagpeninga að afloknum veikindarétti í allt að 6 mánuði. Einnig eru greiddir sjúkradagpeningar ef félagsmaður þarf að taka launalaust leyfi vegna veikinda annarra á heimili, s.s. vegna veikinda barna. Sjóðurinn greiðir ýmsa styrki til forvarna, s.s. krabbameinsleit, áhættumatskoðun, sjúkraþjálfun og sálfræðiaðstoð. Sjóðurinn er fjármagnaður með framlagi atvinnurekenda.

Ítarlegri upplýsingar um sjóðina, hlutverk þeirra og úthlutunarreglur er að finna á **www.ssf.is**

MÍNAR SÍÐUR - ÞITT SVÆÐI

Allt á einum stað minarsidur.ssf.is

Þær einfalda umsóknir og veita þér
upplýsingar um stöðu styrkumsókna.

Áherslur í starfi SSF

- » Kjarasamningur tryggir samkeppnishæf kjör og betri lífeyrisréttindi.
- » Launa- og kjarakannanir auðvelda félagsmönnum að meta eigin stöðu.
- » Aðstoð og ráðgjöf í álitamálum um laun, kjör og lífeyrisréttindi.
- » Jafnréttismál og fjölskylduvænn vinnutími auka lífsgæði félagsmanna.
- » Menntunarsjóður styður félagsmenn til símenntunar sem eykur verðmæti þeirra á vinnumarkaði.
- » Styrktarsjóður til forvarna og stuðnings í veikindum.
- » Gott samstarf við fyrirtækin, aðildarfélög og trúnaðarmenn.



TRAUST



ÞEKKING



METNAÐUR

